

217.fundur - 19.janúar 2004

## **217. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps.**

Endurrit fundargerðar hreppsnefndar frá 19.janúar 2004. Til fundarins var boðað með svofelldri dagskrá:

- 1) Farið yfir fundargerð síðasta fundar hreppsnefndar
- 2) Fundargerð byggingarnefndar íþróttahúss
- 3) Bréf frá Vegagerðinni á Ísafirði varðandi matsáætlun um vegagerð í Gufudalssveit
- 4) 44.fundur Breiðafjarðarnefndar, fundargerð (tilkynning)
- 5) Gerð aðalskipulags á Breiðafirði, bréf frá Breiðafjarðarnefnd
- 6) Umsögn Reykhólahrepps um tillögu að matsáætlun varðandi verkefnið "Ný- og endurlögn Vestfjarðavegar nr. 60, kaflinn Bjarkalundur – Eyri í Reykhólahreppi"(tilkynning)
- 7) Fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða 5.desember 2003 (tilkynning)
- 8) Fjárhagsáætlun Reykhólahrepps fyrir árið 2004, fyrri umræða (dreift á fundinum)
- 9) Önnur mál.

Fundurinn hófst kl. 15:05. Mættir allir aðalmenn auk Guðmundar Ólafssonar sem sat einnig fundinn að beiðni oddvita.

Samþykkt að taka eftirfarandi önnur mál:

- a) Fundargerð stjórnar Barmahlíðar 12. janúar 2004
- b) Bréf frá Lilju Þórarinsdóttur varðandi Grund
- c) Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga um kynningarfund fyrir sveitarstjórnir á Vestfjörðum um eflingu sveitarstjórnarstigsins

- 1) Sveitarstjóri fór yfir fundargerð síðasta fundar hreppsnefndar
- 2) Fundargerð byggingarnefndar íþróttahúss. Rætt um hversu mikið umboð nefndin hefur. Samþykkt að nefndin hafi heimild til að ganga til samninga við hönnuði og aðra verktaka.
- 3) Bréf frá Vegagerðinni á Ísafirði varðandi matsáætlun um vegagerð í Gufudalssveit.
- 4) 44.fundur Breiðafjarðarnefndar, fundargerð (tilkynning). Rætt um örnefnaskráningu og gildi hennar.
- 5) Gerð aðalskipulags á Breiðafirði, bréf frá Breiðafjarðarnefnd. Sveitarstjóri tekur vel í hugmynd Breiðafjarðarnefndar um að einum aðila verði falin gerð aðalskipulags fyrir Breiðafjörð innan marka verndarsvæðis Breiðafjarðar.
- 6) Umsögn Reykhólahrepps um tillögu að matsáætlun varðandi verkefnið "Ný- og endurlögn Vestfjarðavegar nr. 60, kaflinn Bjarkalundur – Eyri í Reykhólahreppi (tilkynning). Var afgreitt á símafundi 29.desember 2003.
- 7) Fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða 5.desember 2003 (tilkynning). Athygli vekur að tekið er fram að engar athugasemdir hafi borizt frá sveitarfélögunum við breytingu á gjaldskrá og fjárhagsáætlun. Með bréfi 18. nóvember til heilbrigðiseftirlitsins gerði Reykhólahreppur einmitt þá athugasemd að athygli veki mikil hækkun kostnaðar á milli ára.
- 8) Fjárhagsáætlun Reykhólahrepps fyrir árið 2004 lögð fram til fyrri umræðu. Fjárhagsáætlun rædd. Að því búnu yfirgaf Guðmundur Ólafsson fundinn.

### **Önnur mál:**

- a) Fundargerð stjórnar Barmahlíðar 12.janúar 2004. Samþykkt.
- b) Bréf frá Lilju Þórarinsdóttur þar sem hún óskar eftir umsögn hreppsnefndar vegna fyrirhugaðra kaupa sinna á jörðinni Grund af Landbúnaðarráðuneytinu. Hreppsnefnd mælir með erindinu fyrir sitt leyti.
- c) Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga um kynningarfund fyrir sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum um eflingu sveitarstjórnarstigsins (tilkynning).

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 18:45

Málfríður Vilbergsdóttir  
Egill Sigurgeirsson  
Bjarki Stefán Jónsson  
Gústaf Jökull Ólafsson  
Þórður Jónsson  
Einar Örn Thorlacius (ritar)

